

Fundur hverfisráðs Grímseyjar 4. apríl 2016

26. fundur hverfirráðs Grímseyjar haldinn í félagsheimilinu Múla 4. apríl 2016 kl. 15:00.

Mætt:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Sigfús Jóhannesson

Karen Nótt Halldórsdóttir ritar fundargerð

1. Ruslasvæðið í Grímsey er ennþá nákvæmlega eins og það hefur verið undanfarin ár. Malarplanið verður eitt drullusvað í rigningum, gámar eru í misjöfnu ásigkomulagi (það vantar til dæmis lok á pappagáminn) og algjörlega skortir merkingar. Það er von á mörgum ferðamönnum í sumar og þarf að steypa plan og koma svæðinu í það horf sem hefur verið á áætlun undanfarin 2-3 ár. Útlitið í dag er ekki boðlegt, þetta er það fyrsta sem ferðamenn sjá og þetta hvetur menn ekki til að flokka.
2. Við erum enn að bíða eftir svörum varðandi samgöngumálin, fjölgun ferjuferða og lækkun á flugverði sem var samþykkt í ráðuneytinu í fyrra.
3. Engin svör hafa komið við þeim liðum sem var vísað til fasteigna og Akureyrarstofu. Félagsheimilið endar í slæmu ásigkomulagi ef ekkert verður að gert auk þess sem eldvarnareftirlitið hefur gert athugasemdir við háfinn í eldhúsinu – sem er bilaður og búinn að vera lengi. Eins er gólfíð í salnum ónýtt með bólgum og misfellum á. Hafa skal í huga að þessi salur er eina íþróttaaðstaða barnanna í eygni. Eins hafa skólastofurnar ekki verið málaðar í manna minnum. Eignir bæjarins í eygni þarfnast almennt viðhalds.
4. Það er mikil ferðamennska í kortunum í sumar og eyjan þarf að líta vel út – hafnarsvæðið, ruslasvæðið og byggðin.

Fundi slitið kl. 16:30